

**ENDURUPPTAKA****Mál nr. 230/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 26. júlí 2022.
2. Bréf V, dags. 17. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótargögn frá V dags. 2. september 2022.
4. Tölvupóstur M dags. 19. september 2022.
5. Tölvupóstar maka M til nefndarinnar dags. 4. og 5. október 2022, ásamt ljósmyndum.
6. Bréf V dags. 19. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
7. Tölvupóstar maka M til nefndarinnar dags. 20. október 2022.
8. Bréf V dags. 24. október 2022.

**Endurupptökubeiðni**

Mál þetta var tekið upp að nýju af hálfu nefndarinnar eftir að úrskurður var kveðinn upp hinn 4. október 2022 á grundvelli nýrra gagna sem maki M (hér eftir nefndur M) lagði fram en þar var um að ræða ljósmyndir sem M upplýsti að væru af þeirri kerru sem M leigði af X á tjónsdegi. Á ljósmyndum mátti sjá að skipt hafði verið um krókfestingu kerrunnar enda nýrri festingar en sjá mátti af myndum í lögregluskýrslu. Í beiðni M um endurupptöku dags. 4. október 2022 gerir M athugasemdir við það að nefndin hefði ekki snúið sönnunarbyrði við líkt og Hæstiréttur gerði í dómi sínum í máli nr. 395/2014. Vegna þeirra athugasemda er rétt að geta þess að samkvæmt 10. gr. samþykktu nefndarinnar dags. 17. desember 2021 skulu úrskurðir nefndarinnar, eftir því sem við á hverju sinni, byggðir á lagareglum, stjórnvaldsfyrirmælum, venju, fordæmum og öðrum réttarheimildum sem nefndin telur rétt að byggja á. Nefndin fer í gegnum öll gögn málsins og skoðar tilvísanir til dómafordæma þó það sé ekki sérstaklega tekið fram í úrskurðum nefndarinnar. Nefndin fjallar auk þess ekki sérstaklega um einstaka dómafordæmi eða aðrar réttarheimildir sem nefndin telur að eigi ekki við í einstaka máli. Því verður ekki fjallað um það hér hvers vegna nefndin telur ekki rétt að snúa sönnunarbyrði við í þessu máli líkt og gert var í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar.

V vísar til þess að skilyrði endurupptöku samkvæmt 12. gr. samþykktu nefndarinnar séu ekki til staðar. Samkvæmt 12. gr. samþykktu nefndarinnar getur nefndin tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið í af nefndinni skuli tekið fyrir aftur ef fram koma nýjar upplýsingar, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og eru þess eðlis að hefðu þær legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðar gætu þær hafa leitt til annarrar niðurstöðu. Í upphaflegu málskoti gerði M athugasemdir við að V lagði ekki fram myndir frá X þar sem sýnt væri að ekki hefði verið skipt um krókfestingu kerrunnar. V upplýsti í tölvupósti til nefndarinnar dags. 2. september 2022 að félagið hefði óskað eftir að X legði fram myndir af kerrunni til stuðnings þeirri fullyrðingu að engar breytingar hefðu verið gerðar á kerrunni eftir tjónsatvikið þann 14. apríl 2022. Í sama bréfi V kom fram að starfsmenn X höfðu ekki náð að afla myndanna þar sem kerran væri í útleigu. V kvaðst ætla að senda nefndinni myndir ef þær bærust á næstu dögum. Slíkar myndir bárust ekki nefndinni og því má ætla að starfsmenn X hefðu ekki haft tækifæri til þess að afla myndanna fram að þeim tíma sem málið var tekið fyrir hjá nefndinni. Verður því ekki unnt að fallast á að M hefði verið í betri aðstöðu en starfsmenn X að afla mynda af kerrunni og því var það afstaða nefndarinnar að um væri að ræða nýjar upplýsingar sem uppfylltu skilyrði 12. gr. samþykktanna. Í ljós kom hins vegar að myndir þær sem M lagði fram voru ekki af réttri kerru og lagði V fram sem fylgiskjal við bréf sitt dags. 19. október 2022, myndir af réttri kerru ásamt þeim upplýsingum að í þjónustusköðun þann 26. ágúst 2022 hefði verið skipt um krókfestingu en fram að þeim tíma hefði kerran verið í útleigu í óbreyttu ástandi. Var það fyrst og fremst gert vegna útlitsryðs sem ekki hefur áhrif á virkni búnaðarins. Nefndin fjallaði aftur um málið á fundi sínum 1. nóvember 2022 þar sem farið var yfir viðbótargögn og athugasemdir beggja aðila. Þykja hin nýju gögn ekki hafa leitt í ljós hver orsök tjónsins var og því eru ekki rök til þess að breyta niðurstöðu nefndarinnar og stendur hún því óbreytt með eftirfarandi hætti:

**Málsatvik.**

Samkvæmt upplýsingum úr lögregluskýrslu dags. 14. apríl 2022 varð umferðaróhapp þann 13. apríl 2022 á Víkurbraut við Hrannargötu í Reykjanesbæ. Kerran sem var full af timbri hafði losnað frá bifreiðinni A, PO-S58 með þeim afleiðingum að kerran rann á bifreiðina og olli tjóni á afturhlara. Ökumaður A kvaðst hafa leigt kerruna hjá X og að starfsmenn fyrirtækisins hafi aðstoðað sig við að hlaða kerruna. Í skýrslu lögreglu kemur fram að starfsmenn X hafi komið á staðinn og upplýst að kerran væri í ólagi og að X myndi að öllum líkindum bæta tjónið. M gerði kröfu um bætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar vanrækslu X eða starfsmanna þess, heldur til aðgæsluleysis M sjálfs og/eða óhappatilviks. M telur að tjónið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X. Starfsmenn X hafi upplýst að kerran væri ekki of lítil og aðstoðað ökumann við að hlaða kerruna. Líklegt sé að hakið sem hélt kerrunni hafi verið orðið slitíð vegna notkunar og telur M það líklegustu skýringuna á orsök tjónsins. Það hafi verið sami starfsmaður X sem seldi timbrið og leigði út kerruna. V hafnar því alfarið að starfsmenn X hafi játað eða sagt að eitthvað væri að kerrunni eða að þeir hafi aðstoðað við að hlaða eða tengja kerruna. V hafnar einnig að starfsmenn X hafi valið umrædda kerru. Að mati V sýni ekkert í gögnum málsins fram á eða leiðir að því líkum að nokkuð hafi verið athugavert við aðbúnað kerrunnar. Vísar V til þess að hleðsla ökutækis sé ávallt á ábyrgð ökumanns ökutækisins hverju sinni, sbr. XIII. og XV. kafla umferðarlaga nr. 77/2019.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón á bifreiðinni A megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunareglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á hver var orsök tjónsins þ.e. hvort tjónið megi rekja til vanbúnaðar kerrunnar, mistaka við hleðslu timbursins eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. X hefur lagt fram gögn sem sýna fram á að kerran hafi verið í notkun eftir atvikið og hafnar X því að nokkuð hafi verið að kerrunni. Gegn neitun X er því ekki sýnt fram á að tjónið megi rekja til þess að kerran hafi verið vanbúin. Ekki hafa heldur verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Upplýsingar sem hafðar eru eftir ónafngreindum starfsmönnum X í lögregluskýrslu breyta engu hér um. Með vísan til þess verður M að bera hallan af sönnunarskorti í málinu. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022

Dóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir